

September 2011

SLEIPNIR

Æskulýðs- starfið 2011

Yfirlit yfir starfssemi
Æskulýðnefndar Sleipnis



ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR SLEIPNIS 2011

Æskulýðsnefnd kom saman til fyrsta fundar ársins þann 15.janúar. Æskulýðsnefnd 2011 var skipuð sem hér segir: Formaður Ágúst Hafsteinsson, gjaldkeri, Anna Rúnarsdóttir, Sigríður M.Björgvinsdóttir, Sigurvaldi R.Hafsteinsson, Sigurjón Haraldsson, Aldís Pálsdóttir og Stefanía Sigurðardóttir. Farið var yfir stöðu mála og dagskrá starfsársins ákveðin. Lögð voru fram drög að námskeiðahaldi og gengið frá kennaramálum. Reiðhöll Sleipnis var að komast í gagnið og fékk Æskulýðsnefnd úthlutað öllum þeim tíma þar sem hún hafði þörf fyrir. Reiðkennari var ráðinn Þorvaldur Árni Þorvaldsson. Samþykkt var að fara í kynningarátak í skólum í Árborg og Flóahreppi til að kynna æskulýðsstarfið og þá möguleika sem það býði upp á fyrir börn, unglinga og ungmenni. Nefndarmenn skiptu með sér verkum varðandi heimsóknir í skólana skipulag ofl.

Fyrir lok janúar lá fyrir dagskrá nefndarinnar og var boðið upp á fjölbreytt

úrval námskeiða.

Fyrst ber að nefna pollanámskeið fyrir yngsta hópinn, börn minna vön (yngri en 8 ára), börn meira vön að 12 ára aldri sem og Grænt og Gult knapamerki. Einnig var ákveðið að bjóða upp á keppnisnámskeið og stuðning við börn og ungmenni sem á landsmót færu fyrir félagið. Haldin voru stöðupróf í fyrstu tveimur stigum knapamerkjakerfisins auk nokkurra undirbúningstíma fyrir þau.

Skráningar og kynningarfundur var haldinn þann 23.janúar og var góð skráning á námskeiðin. Alls skráðu sig 32 börn og ungmenni á námskeið á kynningarfundinum sem og gengu í félagið 16 nýir félagsmenn yngri en 18 ára. Farið var yfir áætlanir nefndarinnar um starf ársins.

Í lok fundar bauð nefndin upp hressingu, pizzur, gos og kaffi. Góð mæting var og fjölgun á námskeiðum miðað við 2010 vel yfir 100%.



Hestafjörrið 2011

Hestafjör 2011 var hleypt af stokkunum 10.apríl í Rangárhöllinni. Þar komu að málum hestamannafélögin á Suðurlandi og kom það í hlut Sleipnis að hanna merki hátíðarinnar sem og sjá um að útvega áprentaða boli handa þátttakendum ásamt drykkjarföngum. Hér eru Sirrý og Anna með einn af Hestafjörsbolunum.

HESTAFJÖR



HESTAFJÖR 2011

Hestafjör 2011 í Rangárhöllinni á Hellu þann 10.apríl.

Hugmyndin að Hestafjöri á Suðurlandi kviknaði 2010 og komu að því öll hestamannafélögin á Suðurlandi.


Ætlunin er að þetta verði árlegur viðburður og var undirbúningur kominn á lokastig þegar hestapestin helltist yfir og varð því ekkert úr því það árið.

Tekinn var upp þráðurinn nú í janúar og skipuðu hestamannafélögin nefnd sem sá um skipulag, kynningu og framkvæmd.

Kom það í hlut Æskulýðsnefndar Sleipnis að útvega merкта boli á þátttakendur, stuðningsaðila til fjármögnunar sem og afla drykkjarfanga fyrir hátíðina. Hátíðin var haldin 10.apríl og stóðu að henni sex félög auk gestaatriða. Með sameiginlegu átaki Æskulýðsnefndar og foreldra var öllum tryggður flutningur á hestum austur á Hellu. Sameinuðust félagsmenn með kerrur og flutning og tókst það með miklum ágætum, Hátíðin tókst vonum framar en atriði sýningarinnar voru framkvæmd af börnum og ungmennum frá hestamannafélögunum, Sleipni, Sindra, Ljúf, Háfeta, Smára og Geysi. Að auki var

gestaatriði frá Hendingu, Íslandsmeistarar Geysis voru með sýningu, sirkusatriði og leynigesturinn Hulda Gústafsdóttir sem kom fram með fræðsluatriði sem féll vel í kramið. Þátttakendur í sýningaratriðum barna og unglinga voru um 100 talsins og þar af voru 29 frá Sleipni sem skiptust í 3 hópa eftir aldri. Þjálfari hópanna og umsjónarmaður atriða frá Sleipni var Hugrún Jóhannsdóttir reiðkennari sem fylgdi hópnum alla leið og á hún hrós skilið fyrir gott starf og flotta útfærslu. Allir sem tóku þátt fengu bol með merki hátíðarinnar að gjöf ásamt hressingu í boði æskulýðsnefndanna sem að þessu stóðu. Húsfyllir var á áhorfendapöllum og erum við gríðarlega ánægð með þessa hátíð ungra hestamanna á suðurlandi. Hátíðin tókst það vel að ákveðið var að stefna áfram á að gera Hestafjör að árlegum viðburði á vegum Æskulýðsnefnda hestamannafélaganna á Suðurlandi.

Barna og
unglingastarf
Sleipnis
veturinn 2011



Þétt setið
í stúkunni

NÁMSKEIÐIN



Myndir frá námskeiðunum

Hér að ofan eru nokkrar skemmtilegar myndir frá námskeiðunum í vetur. Efst má sjá yngstu nemendurna, í miðjunni eru Sigrún Sigurðar og Þorvaldur Árni í knapamerkjaprófi og neðst þreyta nemendur skriflegt knapamerkjapróf.

Reiðnámskeiðin

Eftir skráningar á námskeiðin var skipað niður í námskeiðshópa og byrjuðu námskeiðin síðan í fyrstu viku febrúar. Vegna stóraukinnar ásóknar og mikillar fjölgunar á skráningum þurfti að fjölga námskeiðsdögum og var kennt á þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum auk nokkurra laugardagsmorgna. Námskeið hófust kl. 17 og stóðu yfir allt til kl. 22. Kennt var í nýju reiðhöllinni og má segja að hún hafi skipt sköpum varðandi allt námskeiðahald hjá okkur í vetur. Mikil ánægja var með reiðkennarana, Þorvald Árna sem náði frábærlega vel til krakkanna og Hugrúnu Jóhannsdóttur sem tók við þegar samningi við Þorvald lauk og setti upp framhaldsnámskeið fyrir alla hópa auk þess að þjálfra Hestafjörshópana okkar. Stöðupróf í Grænu og Gulu knapamerki var haldið til að koma til móts við þá nemendur sem voru á námskeiðum í fyrra en ekki var hægt að ljúka vegna hestapestarinnar. Æskulýðsnefnd bauð upp á 4. vikna undirbúnings

kennslu fyrir þá sem stöðuprófin þreyttu. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir en 11 nemendur luku prófi þá leiðina. Verklegu stöðuprófin sjálf voru þreytt um mánaðamótin febrúar / mars og stóðust allir þátttakendur próf með miklum ágætum. Flestir sem luku Grænu stöðuprófi héldu síðan áfram í Gula merkið og var bætt þar við nýjum hóp. Bókleg kennsla fór fram Hliðskjálfi og sá Oddný Lára Guðnadóttir um þann hluta kennslunnar. Bókleg próf voru þreytt í Hliðskjálfi en verkleg próf fóru fram í hinni nýju reiðhöll Sleipnismanna og voru prófdómarar þær Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Pétursdóttir. Mikil aukning var í námskeiðshaldi fyrir börn og ungmenni en alls voru 72 námskeiðs einingar kenndar í vetur. Nemendur í barna, unglinga og ungmennaflokkum voru samtals 39 en mörg þeirra tóku tvö og þrjú námskeið enda gaman í tímum. Vinabönd sem mynduðust í vetur og voru munu eflaust verða endurnýjuð á nýju ári þegar smáir sem stórir reiðmenn skila sér á ný á námskeið hjá Sleipni.



Kátir krakkar með reiðkennaranum



Vornámskeið og Keppnisnámskeið.

Almenn reiðnámskeið fyrir börn yngri en 12 ára voru 10 tímar en að þeim loknum var mikil eftirspurn um að haldin yrðu framhaldsnámskeið. Ákveðið var að bæta við námskeiðum en sökum þess að samningar okkar við Þorvald Árna reiðkennara náðu ekki lengra inn á árið réðum við til starfans Huguínu Jóhannsdóttur í Austurkoti. Hún tók einnig við Gulu námskeiðshópnum af Þorvaldi en sökum tímafjöldi í því merki náðist ekki að ljúka þeim innan ráðningartíma Þorvaldar. Huguín kom inn af krafti og náði strax góðu sambandi við krakkana. Fyrri námskeiðum var lokið í aprílbyrjun en áveðið var að bæta við 5.vikna vornámskeiði og var auglýst eftir þátttöku.

Mikil og góð þátttaka var á framhaldsnámskeiðin. Yfirskrift vornámskeiðanna hjá Huguínu var “ Leikur og lærdómur “. Alls skráðu sig alls 17 börn og tókst námskeiðið og framkvæmd þess vonum framar.

Á keppnisnámskeiðið skráðu sig sex þátttakendur á aldrinum frá tíu til sextán ára. Kennt var utandyra enda veður orðið gott og þörf á að nýta völinn til æfinga. Reiðvöllir voru fráteknir fyrir Æskulýðsnefnd meðan á þessu námskeiði stóð og nutum við skilnings annarra félagsmanna sem viku meðan á kennslu stóð og kunnum við þeim þakkir fyrir.



Sameiginlegur reiðtúr Æskulýðsnefnda Sleipnis, Ljúfs og Háfeta 2011

Árlegur reiðtúr hestamannafélaganna Sleipnis, Ljúfs og Háfeta var farinn þann 22.mái 2011. Kom það í hlut Sleipnis að standa fyrir honum í ár. Hópurinn safnaðist saman við Hliðskjálf, félagsheimili Sleipnis á Selfossi, kl. 14. Lagt var af stað á áður auglýstum tíma og voru reiðmenn um 20 talsins. Riðinn var góður hringur niður með Gaulverjabæjarvegi, inn veginn að Sölvholti og þaðan að Uppsölum þar sem að var. Æskulýðsnefnd Sleipnis bauð upp á heitt kakó, kaffi og meðlæti í áningu en að því loknu var tekinn sveigur til norðurs og upp að þjóðvegi 1 þar sem riðið var til baka á Selfoss. Þar tók Æskulýðsnefnd á móti reiðhópnum í félagsheimilinu Hliðskjálf og bauð upp grillaðar pylsur, gos, kaffi og fleira góðgæti. Við vorum heppin með veður, sól, þurrt en smá gola sem skaðaði

engan. Tókst þessi uppákoma með miklum ágætum og var gerður góður rómur að.

Reiðjakkar á börn, ungmenni og félagsmenn Sleipnis.

Tekin var sú ákvörðun að standa fyrir því að afla tilboða í reiðjakka í félagslit Sleipnis í því skini að efla félagsanda og samhygð félagsmanna. Leitað var tilboða og nokkrir aðilar fengnir til að bjóða í pakkann. Úr varð að taka tilboði frá Líflandi í Mountain Horse reiðjakka með áprentun á félagsheiti sem og nafni eiganda. Haldinn var kynningar og mátunarfundur með félagsmönnum og voru undirtektir góðar. Alls voru pantaðir yfir 100 reiðjakkar sem er skv. félagaskrá um það bil 30 % félagsmanna. Nefndin ákvað að selja jakkana á kostnaðarverði (tilboðsverði) og án nokkurrar álagningar í því skyni að sem flestir gætu séð sér fært að kaupa. Má segja að þetta hafi heppnast vel og eru okkur enn að berast fyrirspurnir um jakka.



Hópurinn
kemur í
hlað að
Uppsölum

REIÐTÚRINN



Framkvæmdin

Meðan börn og félagsmenn fóru í reiðtúrinn var hluti Æskulýðsnefndar að störfum í félagsheimilinu við að undirbúa móttöku hópsins er hann kæmi til baka. Siggi lánaði "Enterprise" grillið sitt og flutti á staðinn. Þar var grillað en inni var hamast við að stilla upp og baka vöflur í stórum stöflum.



BIÐRÖÐ Í TEYMINGARNAR



Sunnlenski Sveitadagurinn var haldinn á Selfossi í þriðja sinn þann 7.maí. Æskulýðsnefnd Sleipnis var beðin um að koma að honum með því að vera með teymingar undir börnum og var orðið við þeirri beiðni. Var Æskulýðsnefnd með teymingar með sex hestum frá kl. 13.00 til 17.00 á athafnasvæði Jötunn véla. Farnar voru yfir 700 teyminga ferðir á tímabilinu og var oft löng röð barna er biðu eftir að komast að.

Menningar- og bæjarhátíðin „Vor í Árborg 2011“ var haldin 12. - 15.maí. Æskulýðsnefnd Sleipnis var í tengslum við hátíðina með hestatengdar uppákomur í reiðhöll Sleipnis að Brávöllum laugardaginn 14.apríl.

Þar komu ungir reiðmenn og sýndu atriði sem höfðu verið æfð fyrir Hestafjör 2011. Dagskráin var sem hér segir:

- Teymt undir börnum kl. 13:00-14:00
- Reiðsýningar yngri kynslóða knapa kl. 14:00 og 14:30
- Teymt undir börnum kl. 15:00-16:00

Kynning á æskulýðsstarfi Sleipnis

**Sunnlenskir
Sveitadagar**





Óvissuferð Æskulýðsnefndar 2011

Óvissuferð Æskulýðsnefndar var farin 2.júní og var skráning auglýst með góðum fyrirvara. Góð þátttaka var og fylltum við 30 manna rútu sem leigð var frá Guðmundi Tyrtingssyni en tveir nefndarmanna hafa próf á slíkt farartæki.

Lagt var af stað frá Hlíðskjálfr upp úr kl. 8 og lá leiðin fyrst upp í Þjórsárdal þar sem áætlað var að koma við á Stöng. Þegar þar var komið reyndist vegurinn lokaður vegna aurbleytu og breyttum við þá snarlega um og fórum í heimsókn í Þjóðveldisbæinn þar sem hópurinn fékk leiðsögn staðarhaldara. Að því loknu snæddum við nesti, flatkökur, brauð og súkkulaði í boði Æskulýðsnefndar. Haldið var áfram að því loknu og ekið sem leið lá upp fyrir stífluna ofan við Búrfellsvirkjun og síðan niður austan megin ár. Áðum nokkra stund ofan við Galtalæk í árgili þar sem krakkarnir slettu aðeins úr klaufunum og töppuðu af uppsafnaðri orku. Af stað var haldið og lá nú leiðin niður að Hellum í Landssveit þar sem staðarhaldari tók á móti okkur. Fengum við leiðsögn þar um og uppfræðslu um sögu staðarins.

Að því loknu var ferðinni heitið í heimsókn til Sigurðar Sæmundssonar fv. landsliðseinvaldar að Skeiðvöllum og hlutum við þar góðar móttökur. Farin var skoðunarferð um glæsileg húsakynni, boðið upp á veitingar og að lokum fengum við sýningu í heitjárnungu hjá sjálfum járnningameistararnum.

Nú var degi tekið að halla og héldum við nú að Laugum þar sem við buðum hópnum í sund. Meðan krakkarnir voru í sundi undir árvökulum augum fararstjóra gerðu aðrir grillin klár og er krakkarnir komu upp úr buðum við upp á grillaðar pylsur með öllu tilheyrandi meðlæti ásamt drykkjum. Að þessu loknu var haldið heim á leið og komum við til baka á Selfoss laust fyrir kl. 19. Að baki var gríðarlega skemmtilegur dagur með hressum krökkum sem héldu uppi stemmingunni með söng og gleði í rútunni á milli áningastaða.

Vel heppnuð ferð í alla staði!

Óvissuferðin



Útskriftarhátíð 2011

Þriðjudaginn 31. maí hélt Æskulýðsnefnd útskriftarhátíð í Hlíðskjálf. Leituðum við til foreldra um að koma með aðföng, kökur og tilheyrandi á hlaðborð og urðu þeir vel við þeirri beiðni. Öllum þátttakendum á námskeiðum vetrarins voru afhentar viðurkenningar og þeir sem tóku knapamerkin fengu sín prófskírteini og merki afhent. Veitt voru verðlaun þeim nemandum sem besta árangri höfðu náð í knapamerkjunum. Reiðkennarar afhentu nemendum sínum viðurkenningar og prófskírteini og í lokin voru kennurum færðir blómvendir sem þakklætisvottur fyrir vel unnin störf. Loks var boðið til hlaðborðs og áttu allir góða stund saman yfir frábærum veitingum.



Landsmótsfarar 2011

Æskulýðsnefnd studdi við bakið á landsmótsförum okkar í barna, unglinga og ungmennaflokkum. Við réðum Huguínu Jóhannsdóttur reiðkennara í Austurkoti til að aðstoða krakkana við undirbúning og æfingar. Haldinn var fundur með öllum hlutaðeigandi í félagsheimilinu þar sem farið var yfir málin. Niðurstaðan varð sú að Huguína tók hópinn í þjálfun á reiðvelli sem og hafði einnig aðgang að aðstöðu inni í reiðhöllinni. Águst Hafsteinsson fundaði með hópnum og fór yfir tæknileg atriði sem snéru að Landsmóttinu og komandi keppnisdögum þar. Huguína var síðan krökkunum til halds og

trausts á Vindheimamelum í tengslum við æfingatíma félagsins. Æskulýðsnefndin gaf öllum Landsmótsförum í áðurnefndum flokkum sem og reiðkennara þeirra sérmerktar treyjur frá Baldvin og Þorvaldi, merktar Sleipni og nafni hvers knapa.



Fjörmennti var svo mikið að sumir þurftu að standa



Huguína og Oddný Lára

Útskriftarnemar reiðnámskeiða 2011



Samantekt á starfinu í vetur.

Það voru mörg handtökin í vetur og vor í Æskulýðsstarfinu, lagt var upp með að fjölga verulega börnum í félaginu og með það að markmiði fór starfið af stað. Haldnar voru kynningar á starfi Sleipnis í Flóaskóla fyrir alla aldurshópa sem tilraun til að fjölga ungum iðkendum í félaginu og munum við skoða framhald á þeim. Sett voru upp námskeið sem áttu að henta sem breiðustum hópi og skipulagðir viðburðir til að þétta hópinn. Nefndarmenn, vinir og kunningjar lögðu fram ómælda vinnu í sjálfboðastarfi í tengslum við námskeiðshald og aðrar upptökur sem og til öflunar tekna fyrir nefndina á meistaramótinu í júní og Íslandsmótinu í júlí. Við teljum að starfið í ár hafi heppnast mjög vel og viljum þakka öllum sem unnu með okkur í vetur. Gaman var að sjá framfarirnar hjá börnunum sem sóttu námskeiðin og oft var líf og fjör í tímum hjá Þorvaldi og Huguínu og hrein skemmtun að fylgjast með eldhressum og duglegum krökkum.

Skýrsluhöfundur /uppsetning & myndvinnsla:
Sigurvaldi R.Hafsteinsson
Prófarkalestur:
Sigríður M.Björgvinsdóttir /
Anna Rúnarsdóttir



Styrktaraðilar og stuðningsmenn.

Það má segja að án rausnarlegs stuðnings ýmissa fyrirtækja sem og einstaklinga hefði framkvæmd starfsins hjá okkur í vetur ekki gengið eins vel og raun varð á.

Við nutum góðra styrkja, bæði í formi fjármuna sem og framlegðar á vörum og þjónustu. Ber að nefna Lögmenn Suðurlandi, Búnaðarsamband Suðurlands, Jötunn vélar, Mjólkursamsöluna, Pizza Íslandia, Europris Selfossi, Sláturfélag Suðurlands, Vörðufell, Byko Selfossi, HP Kökugerð, Krónan Selfossi, Krás, Baldvin & Þorvaldur, O Johnson & Kaaber, Egill Skallagrímsson, Ölvisholt Brugghús.

Sveitarfélagið Árborg kom myndarlega að málum með auknum styrk til æskulýðsstarfsins.

Flóahreppur veitti Æskulýðsstarfinu jafnframt góðan styrk.

Stefán Helgason í Vorsabæ lánaði okkur söluskúrinn sinn sem við nýttum til að selja veitingar til fjáröflunar á Meistaramótinu. Óli Pétur Gunnarsson var ávallt boðinn og búinn að aðstoða sem og fjöldi foreldra og annarra félagsmanna.

STYRKARAÐILAR

- Lögmenn Suðurlandi
- Jötunn vélar
- Búnaðarsamband Suðurlands
- Europris Selfossi
- Sláturfélag Suðurlands
- Mjólkursamsalan
- Vörðufell
- Pizza Íslandia
- Byko Selfossi
- HP Kökugerð
- Krónan Selfossi
- Krás
- Baldvin og Þorvaldur
- O Johnson & Kaaber
- Ölgerðin Egill Skallagrímsson
- Ölvisholt Brugghús

Þökkum
veittan
stuðning





Krás ehf.



Kökugerð H.P. ehf.



Fyrst og fremst ódýr



ÖLVISHOLT BRUGGHÚS
MEÐ ÞÉR Á GÓÐRI STUND

